

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
b/t Árna Davíðssonar, Þverholti 3,
270 Mosfellsbæ.

Reykjavík 14.06.2020

Efni: Hreinsun á svæði Vöku hf. að Leirvogstungumelum.

Við ítrekum vilja okkar við að vinna náið með og í góðu samstarfi við Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis ásamt bæjar yfivöldum Mosfellsbæjar að því að gera þessa landareign Vöku hf. snyrtilega. Við höfum verið í sambandi við fulltrúa Mosfellsbæjar við að setja aksturshlið til að takmarka umferð inn á svæðið.

Svæði 1.

Lokið verður við að hreinsa neðangreint fyrir 30. Júní n.k.

- Öll minni ökutæki þ.e. fólksbílar, jepplingar, kerrur og vagnar.
- Hreinsa lausa rusl s.s. gler, plast o.fl. ásamt olíublettum sem verða mokaðir upp og skilað til Sorpu.
- Stærri ökutæki þ.e. flutningabílar, vagnar ásamt óskemmdum gámum verður raðað snyrtilega upp.

Svæði 2.

Lokið verður við að hreinsa neðangreint fyrir 15. Júlí n.k.

- Öll minni ökutæki þ.e. fólksbílar, jepplingar, kerrur, vagnar og lyftarar ásamt ónýtum gámum.
- Hreinsa rusl s.s. gler, plast o.fl. ásamt olíublettum sem verða mokaðir upp og skilað til Sorpu.
- Stærri ökutæki þ.e. flutningabílar verður raðað snyrtilega upp á svæði 1.

Svæði 3.

Lokið verður við að hreinsa þetta svæði fyrir 15. Júlí n.k.

- Ónýtir gámar verða fluttir til niðurrifs og útflutnings.
- Sorp sem safnast hefur verður flokkað og skilað til Sorpu.
- Heilir gámar verða fluttir á svæði 1 og raðað þar snyrtilega upp.

Svæði 4.

Lokið verður við að hreinsa þetta svæði fyrir 31. Júlí n.k.

- Efni verður flokkað og sent til útflutnings
- Efni sem ekki fer í útflutning verður flokkað og sent til viðurkends förgunaraðila.
- Gámar verða fjarlægðir og raðað snyrtilega upp á svæði 1.